

1928 nr. 50 7. maí**Lög um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi**

Tóku gildi 12. maí 1928. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Af fé Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja allt að 10.000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strand-

arlandi, en síðan má verja allt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

■ 2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

■ 3. gr.

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

■ 4. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ hefur umsjón með stjórn kirkjufjanna og setur reglur²⁾ um framkvæmd hennar.

¹⁾ L. 126/2011, 5. gr. ²⁾ Rg. 381/1991.